



# STARFSÁÆTLUN LEIKSKÓLANS BJARKATÚNS

Árið 2023-2024

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Leiðarljós leikskólans .....	2
Helstu verkefni vetrarins .....	3
Markmið Krummadeildar 2023-2024 .....	5
Markmið Krúdeildar 2023-2024 .....	7
Markmið sérkennslu 2023-2024 .....	10
Ytra mat .....	11
Mannauður .....	11
Endurmenntun/símenntun .....	13
Hagnýtar upplýsingar .....	13
Öryggismál .....	13
Atvik .....	13
Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið .....	13
Foreldrasamstarf .....	14
Foreldrafélag / Foreldraráð .....	14
Samstarf .....	15
Fjölskyldusvið – Skólaþjónusta .....	15
Farsældarþjónusta Múlaþings .....	15
Samstarf við Djúpavogsskóla .....	16
Skil milli skóla .....	16
Tryggvabúð .....	16
Brunavarnir Austurlands .....	16
Lokaorð .....	17
Fylgiskjöl .....	17

## Inngangur

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Þar má finna upplýsingar fyrir starfsfólk, foreldra og rekstraraðila um það hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verður að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Leikskólastarf er í sífelldri mótun og starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Leikskólanám sem er góð viðbót við heimilisuppeldi en kemur aldrei í staðinn fyrir það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppelendur barna sinna og bera meginábyrgð á uppeldinu.

## Leiðarljós leikskólans

Einkunnarorð leikskólans Bjarkatúns er *samvinna, traust og virðing*. Næsta vetur er markmiðið að vinna með einkunnarorðin á starfsmannafundum og með nemendum. Gera þarf einkunnarorðin sýnilegri í daglegu starfi og í umhverfi leikskólans.

Mikið er lagt upp úr því að kenna nemendum okkar um heimabyggðina sína og nánasta umhverfi. Það gerum við með því að vera Cittaslow skóli og Grænfánaskóli.

Djúpivogur er eini byggðarkjarninn á Íslandi sem er Cittaslow. Þar sem við búum í Cittaslow bæ og erum að lifa eftir þeirri stefnu þá er verkefnið í stanslausri vinnslu og endurskoðun. Í leikskólanum starfar Cittaslow leiðtogi sem stýrir þeirri vinnu.

Leikskólinn Bjarkatún er einnig Grænfánaskóli og leggjum við mikla áherslu á umhverfisfræðslu. Markmið verkefnisins er að auka umhverfismennt og menntun til sjálfbærni. Hægt er að lesa meira um Grænfánaskóla inn á <https://landvernd.is/graenfaninn/>. Bjarkatún hefur fengið Grænfánann fimm sinnum og fer næst í úttekt haustið 2024. Í umhverfisráði eru tveir starfsmenn fram að áramótum eftir áramót kemur bætist eitt foreldri og tvö börn úr elsta árgangi. Umhverfisráð leggur línurnar um það hvað tekið sé fyrir á hverju Grænfána tímabili.

Leikskólinn Bjarkatún er að taka inn hugmyndafræðina Uppeldi til ábyrgðar en það er hugmyndafræði þar sem við erum endalaust að skoða okkur sjálf. Hægt er að lesa meira um Uppeldi til ábyrgðar inn á <https://uppbygging.is/> Í uppeldisteyminu eru tveir starfsmenn. Teymið fer yfir það hvað erum við að gera vel og hvað við getum bætt okkur í.

## Almennt um skólann og húsnæðið Leikskólinn

Bjarkatún er tveggja deilda leikskóli sem starfar eftir Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Í leikskólanum eru tvær deildir. Börnin geta byrjað á Krummadeild þegar þau eru orðin eins árs ef aðstæður og rými leyfa. Hámarksfjöldi Krummadeildar í vetur eru 11 börn út frá aldri barnanna. Þau fara síðan yfir á Krúdeild árið sem þau verða þriggja ára að hausti. Hámarksfjöldi Krúdeildar er 16 börn út frá aldri. Þessar tölur miðast við að leikskólinn sé fullmannaður.

Leikskólinn Bjarkatún hóf starfsemi sína í grunnskólabyggingunni árið 1982, þá eingöngu sem sumarleikskóli. Árið 1986 fékk leikskólinn húsnæði fyrir starfsemina og varð hann þá opinn allt árið, fyrir hádegi og eftir hádegi. Leikskólinn flutti svo í núverandi húsnæði 22. október 2005. Leikskólinn er með sameiginlegan sal og listakrók. Gott útisvæði er fyrir börnin auk þess sem leikskólinn er staðsettur í nálægð við ósnortna náttúru.

### Helstu verkefni vetrarins

**Sameiginleg söngstund í sal:** Deildarnar hittast í salnum einu sinni í mánuði. Börnin í hverjum árgangi velja sér lag til þess að syngja í söngstundinni.

**Berjatínsla 30. ágúst:** Allir nemendur leikskólans fara ásamt starfsfólki í berjamó. Við höfum farið þegar það er gott veður í vikunni sem berjatínsla er skráð á skóladagatalið. Við fáum svo skyr og ber í hádegismat eða berjadrykk í kaffitímanum.

**Vetrarstarf hefst 18. september:** Formlegt vetrarstarf hefst í leikskólanum þar sem nemendur fara í skipulagt hópastarfi.

**Vetri fagnað 27. október:** Nemendur og starfsfólk skólans halda uppá fyrsta vetrardag með diskó í salnum. Fjórða bekk úr Djúpavogsskóla er boðið í heimsókn á diskó og síðan fá allir skúffuköku með hvítu kremi á eftir.

**Alþjóðlegi Bangsadagurinn 27. október:** Dagurinn er haldinn á þessum degi því hann er afmælisdagur fyrrverandi Bandaríkjaforseta Theodore (Teddy) Roosevelt. Af þessu tilefni mega börnin koma með einn bangsa í leikskólann þennan dag.

**Dagar myrkurs 31. október til 5. nóvember:** Leikskólinn tekur þátt í dögum myrkurs með ýmsum uppákomum í leikskólanum.

**Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember:** Lubbi á afmæli á þessum degi og haldið er upp á það. Börnin mega koma með eina íslenska bók í tilefni dagsins og vinna verkefni í tengslum við íslenska tungu.

**Lestraráttak:** Einu sinni á vetrinum er farið í lestrarátak í samstarfi við foreldra og Lubba.

**Jólabakstur og foreldrakaffi 6. til 8. desember:** Þessa daga baka og skreyta nemendur okkar piparkökur. Þann 8. desember bjóða þeir foreldrum í piparkökur og kaffi.

**Litlu jólin 15. desember:** Litlu jólin verða haldin þann 15. desember. Þá dansa nemendurnir í kringum jólatréð og fá kannski einhvern gest í heimsókn sem er með pakka frá foreldrafélaginu. Í hádeginu er boðið upp á jólamat.

**Kósýdagur 20. desember:** Þann dag mæta starfsfólk og börn í náttfötum eða kósýfötum og það má koma með bangsa í leikskólann. Dagurinn er tekin rólega með rafmagnskertum og horft verður á teiknimynd.

**Porrablót 19. janúar / Bóndadagskaffi:** Þorrablót verður haldið þann 19. janúar og fá nemendurnir þorramat í hádeginu auk þess sem dansað er fyrir hádegismatinn. Gerðir eru víkingahattar sem settir verða upp fyrir ballið og á boðhaldinu, síðan má fara með þá heim. Börnin bjóða síðan karlkyns vini (geta verið pabbi, afi, frændi, bróðir o.s.frv.) í kaffi klukkan 15:00 á Bóndadaginn.

**Dagur leikskólans 6. febrúar:** Hengd verða upp listaverk um bæinn til þess að minna á okkur og starfið í leikskólanum. Einnig er dótadagur í leikskólanum, þá mega öll börn koma með eitt dót að heiman.

**Konudagur 19. febrúar (sunnudagur):** Börnin bjóða í kvenkyns vini (mamma, amma, frænka, systir o.s.frv.) í kaffi klukkan 15:00 þann 20. febrúar kl. 15:00.

**Bolludagur, Sprengidagur og Öskudagur 12.-14. febrúar:** Á Bolludaginn er boðið upp á fiskibollur í hádeginu og brauðbollur í kaffitímanum. Á Sprengidag er borðað saltkjöt og baunir. Á öskudaginn er öskudagssprell í leikskólanum þar sem nemendurnir mæta í grímubúningum eða furðufötum. Kötturinn er sleginn úr tunnunni og fá börnin eitthvað gott úr tunnunni. Síðan er haldið diskótek.

**Opið hús / Sumarhátíð 6. júní:** Opið hús í leikskólanum þar sem sett verður upp sýning á verkum sem börnin hafa gert um veturinn. Allir íbúar Djúpavogs eru velkomnir í heimsókn í leikskólann þann dag, boðið verður upp á kaffi, djús og köku.

**Hattadagur 14. júní:** Við undirbúum okkur fyrir 17. júní mættum með hatta, erum búin að gera fána og æfum okkur í ættjarðar lögum.

**Drulludagurinn 28. júní:** Alþjóðlegi drulludagurinn er haldin hátíðlegur og leikið með mold og vatn úti í náttúrunni.

## Markmið Krummadeildar 2023-2024

### Innra mat Krummadeildar

Veturinn 2022-2023 á Krummadeild voru tólf börn, eitt barn hætti í desember. Fimm þeirra komu í aðlögun á mjög dreifðu tímabili, eitt í júní, eitt í ágúst, eitt í nóvember og tvö í janúar. Aldursbilið í barnahópnum voru 1 ár og 9 mánuðir, elsta barn var fætt í janúar 2020 og yngsta barnið í desember 2021. Á deildinni voru fjögur fjölyngd börn. Kynjaskiptingin í hópnum var nokkuð jöfn, sex strákar og fimm stelpur. Þrír leiðbeinendur fylgdu hópnum allan veturinn en fjórði kom inn eftir áramót. Í mars og maí 2023 byrjaði hjá okkur drengur og stúlka sem fædd voru í mars og apríl 2022 sem urðu fyrir vikið langyngst á deildinni.

### Endurmat

Aðlögun á krummadeild veturinn 2022-2023	
Júní '22	1
Ágúst '22	1
Nóvember '22	1
Janúar '23	2
Mars '23	1
Maí '23	1

Veturinn gekk heilt yfir vel. Börn voru aðlöguð inn á deildina með þátttöku aðlögun sem gekk vel. Það sem gerði veturinn erfðan var hversu dreifðar aðlaganir voru yfir veturinn sem eykur álag mikið, bæði á starfsfólk og hjá börnum. Erfitt var að halda uppi starfi á deildinni á meðan aðlögun stóð yfir en tókst þó með samvinnu starfsfólks á deildinni. Aldursdreifing á deildinni var mikil og þroska munurinn á milli þess elsta og yngsta mikill. Barnahópnum var því mikið skipt upp eftir aldri og rýmið nýtt eins og hægt var.

Skipulagt hópastarf gekk mjög vel. Yngri árgangurinn á Krummadeild fór ekki í skipulagt hópastarf en þau fóru í listakrök og könnunarleik í hverri viku þar sem þau prófa sig áfram og rannsaka umhverfið sitt. Eldri árgangurinn fór í skipulagt hópastarf en þau fóru í Lubbastarf, stærðfræði, hreyfingu og listakrök einu sinni í viku.

Samvera er hjá okkur tvisvar sinnum á dag, í fyrri samverunni er sungið, farið yfir daginn, veðrið og í hvað þarf að klæða sig þegar við förum út. Seinni samveran er fyrir hádegismatinn þar sem er lesið og sagðar sögur með t.d. loðtöflu eða sögu grunn. Seinni samveran hefur ekki gengið alla daga vegna þess að kaffitímum starfsfólks var seinkað og er því starfsfólk ekki alltaf komið inn á deild á þessum tíma. Til þess að samveran gangi þurfa að lámarki þrír starfsmenn að vera inn á deild á þessum tíma.

- **Styrkleikar:** Mikil nánd er á milli starfsfólks og barna þar sem starfsfólk er til staðar á gólfinu hjá börnunum. Það er mikið sungið á deildinni og notast við Tákni með tali.
- **Tækifæri til umbóta:** Aðlaganir þurfa að vera á ákveðnum tímum en ekki dreifðar yfir skólaárið. Þar sem ekki er reynt að halda uppi skipulögðu hópastarfi um leið og reyna að lámarka þá röskun sem verður á starfi deildarinnar. Finna þarf leið til þess að samveran fyrir hádegi gagni upp, mögulega er hægt að færa kaffitíma starfsmanna svo að samveran hjá börnunum gangi upp.

### Ársmarkmið 2023-2024

Næsta vetur verða tveir árgangar á Krummadeild, börn fædd 2021 og 2022. Áfram verður aðlögun framkvæmd með þátttökuaðlögun með það að leiðarljósi að börnum og foreldrum líði vel og finni fyrir öryggi

Markmiðin verða:

- að halda áfram með fjölbreytilegt starf þar sem Lubbi, stærðfræði, hreyfing, könnunarleikur og sköpun gegna lykilhlutverki. Yngri árgangurinn á Krummadeild fer ekki í skipulagt hópastarf en þau fara í listakrök og könnunarleik í hverri viku þar sem þau prófa sig áfram og rannsaka umhverfið sitt. Eldri árgangurinn fer í skipulagt hópastarf en þau fara í Lubbastarf, stærðfræði, hreyfingu og listakrök einu sinni í viku.
- að börnum líði vel og finni fyrir öryggi. Að leikefni og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra.
- að leggja áherslu á að börn heyri og öðlist fjölbreyttan orðaforða. Á Krummadeild er lögð mikil áherslu á að börn heyri og öðlist fjölbreyttan orðaforða. Það er gert alla daga með lestri, söng, samtölum og leik. Við styðjumst einnig við Tákni með tali, Lubbi finnur málbein, sögu grunn og orðaforðatöskuna. Tákni með tali er mikið notað á deildinni, í söngstund og við matarborðið. Orðaforðataskan er kennslugagn sem er þróað af Hugrónu Malmquist sérkennslustjóra í leikskólanum okkar úr frá

Orðaforðalistanum sem Menntamálastofnun gaf út árið 2017 ( [Orðaforðalisti | Menntamálastofnun \(mms.is\)](#)). Tekin er fyrir einn orðflokkur í mánuði.

Orðaforðataskan er notuð í samverustund 1 sinni í viku.

## Markmið Kríudeildar 2023-2024

Á Kríudeild verða 13 börn í tveimur árgöngum, sjö börn fædd árið 2019 og fimm börn fædd 2020. Ekkert barn verður í elsta árgangi þennan skólavetur. Skipulagt starf verður í flæði þar sem nemendur velja sér svæði með ákveðnu viðfangsefni en þau verða valin af nemendum sjálfum “valstjóra/þjónn” á hverjum degi. Eitt viðfangsefni er valið af kennara eftir því hvaða námsþætti verið er að vinna með. Haldið verður utan um með skráningu hvaða þætti nemendurnir velja sér þannig að allir fái þjálfun í námsþáttum sem unnið er með hverju sinni. Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel og þau finni sig örugg í leikskólaumhverfinu, að umhverfi þeirra á deildinni sé hvetjandi og að aðbúnaður sé við hæfi eftir aldri þeirra. Tekið er á móti börnum sem mæta korter fyrir átta á Krummadeild en þau færa sig yfir á sína deild klukkan 8:00 en þá tínast inn börnin á deildina. Bækur, spil og púsl eru í boði sem börnin geta farið í á meðan morgunmatur stendur yfir.

Skipulagt starf byrjar kl. 9 á hverjum morgni fyrir utan föstudaga. Nemendur velja sér svæði á valtöflunni og eru þá á því svæði. Á einu svæðinu er unnið með námsþætti en það svæði getur verið á mismunandi stöðum í húsinu, listasmiðja, tónlist, stærðfræði, vísindi, hreyfing og málörvun eru þættir sem unnið er með í skipulögðu starfi. Í starfinu viljum við skapa aðstæður fyrir flæði þar sem nemendur hafa frjálsar hendur um sköpun sína auk þess að opinn efniviður er til staðar sem kennarinn getur ýmist lagt inn eða nemandinn sótt sér til að efla leikinn. Kennari og starfsfólk eru nálægir í leik og styðjandi við barnið í sköpun sinni og uppgötvun.

Einn dagur í viku fer allur hópurinn saman í útikennslu fyrir hádegi þar sem við leggjum áherslu á að kynnst náttúrunni og umhverfinu í kringum okkur. Farið verður í stuttar ferðir, í lautina fyrir utan girðingu við leikskólann eða á leiksvæði leikskólans.

Málörvun er mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar. Við notum kennsluefnið SOL og Lubba til að efla málörvunina með nemendum og verður unnið með þennan námsþátt inn á deild samhliða öðru starfi. Í SOL starfi (spjallað og leikið) er lögð áhersla á örvun málþroskans þar sem nemendur fá tækifæri til að fara í stuttar samverur þar sem farið er í fyrirfram ákveðna leiki til að efla vissa þætti í málþroska barnanna.



Í öðru starfi með börnunum eins og í matartímum, fataklefa, vali og leik er lögð áhersla á að nýta hvert tækifæri til að vinna með málþroska barnanna með spjalli, söng, segja sögur og þulur eða vekja athygli á nýjum orðum. Kennari og starfsfólk séu nálægt í leik þannig að nemendur finni fyrir nánd þeirra og öryggi. Í samverustundum er lögð áhersla á söng og sögustundir þar sem ýmist eru lesnar sögur eða sagðar sögur. Auk þess notum við fjölbreyttar aðferðir til að vinna með orðaforða við ýmis tækifæri inn á deild. Þá söfnum við saman þeim orðum sem koma til okkar og við þekkjum ekki með því að skrá þau niður á sýnilegan hátt. Við leggjum áherslu á að styrkja félagsþroska barnanna og samskipti nemenda í leik og starfi en við nýtum verkfæri uppbyggingarstefnunnar og hugarfrelsi til að styðja við nemendurna í samskiptum við aðra og efla sjálfsmynd sína.

Allir nemendur og starfsfólk eru með sitt TMT (tákn með tali) tákn sem við notum inn á deild auk þess sem við reynum að nýta TMT sem mest í söngstundum. Deildarstjóri sendir vikupóst til foreldra á hverjum föstudegi til að gera starfið sýnilegra en þar fara inn upplýsingar og myndir um hvað gert er í hverri viku. Nemendur safna líka saman efni í ferlimöppu sem fylgir þeim út skólagönguna. Í möppuna fer efni sem þau velja sjálf sem og ljósmyndir og fyrirfram ákveðin verk sem kennari lætur þau gera.

### Umbótaráætlun Kríudeildar 2023-2024

UMBÓT A-ÞÁTTU R/ MATS-ÞÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmt við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota?	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði
*Auka vægi sköpunar með fjölbreyttum efnivið	Vekja áhuga barnanna á sköpun með mismunandi efnivið í fjölbreytt	Nýtum efnivið sem er í umhverfinu og náttúrunni í kringum okkur	Kennarar og annað starfsfólk deildarinnar	H '23	Vor 2024	Upplýsingastreymi og umræður á deildarfundum, skráningar í ýmsu formi. T. d. ljósmyndir	Að börnin sýni sjálfstæð vinnubrögð í skapandi starfi og fái tækifæri til að nýta ólík

	u starfi inn á deild						skynfæri í sköpunarvinnu
*Auka flæði nemenda í starfi deildarinnar	*Að bæta líðan og ánægju barna í starfinu *Að auka þátttöku barna í leik og starfi	*Nemendur fá meira val um hvað þeir vilja gera í starfi hverju sinni. Nýtt er valtaflan og nemendur fá góðan tíma til að vinna á þeim svæðum sem þau velja sér. *Nemendur skrá líðan sína í starfinu tvisvar í mánuði á þar til gert eyðublað sem fylgir nemandanum í ferlimöppu	Deildarstjóri og starfsfólk	H' 23	V' 24	*Skráning er gerð á vals svæðum barnanna og hvað þau velja sér hverju sinni svo allir nemendur fá þjálfun í þeim námsþáttum sem verið er að vinna með á deildinni. *Ljósmyndaskráning notuð til að sýna þróun vinnu í tengslum við námssviðin hverju sinni.	*Að nemendur fá tækifæri til að stjórna því sem það gerir hverju sinni með auknu flæði og vali *Að nemendur geti sýnt líðan sína og ánægju með skráningu hjá kennara
*Að tengja uppeldi til ábyrgðar, Cittaslow og grænfánan meira við vinnu inn á	*Nýta þá möguleika sem eru í nágrenni leikskólans við starfið á deildinni *Gera aðferðir sem notaðar	*Förum í gönguferðir og vinnum með umhverfið í kringum okkur *Tengjum verkefni við uppeldi til ábyrgðar	Deildarstjóri og starfsfólk	H' 23	V' 24	*Útikennsla/úti starf verður nýtt í gönguferðum *Verkefnavinnan í starfi sem tengist þáttum uppeldis til ábyrgðar *Ljósmyndaskráning af starfinu	*Auka vitund allra á hugmyndafærðum Cittaslow og uppeldi til ábyrgðar í starfi barnanna* Að grænfáninn tengist inn í

deild og í starfi barnanna	eru á deildinni sýnilegri fyrir alla	þættina í starfi á deildinni * Verkefni verði gerð sýnilegri í umhverfinu okkar				*afrakstur vetrarstarfsins gerður sýnilegur jafnt og þétt auk þess að hægt verði að skoða að vori	starfið á fjölbreyttan hátt
----------------------------	--------------------------------------	--	--	--	--	---	-----------------------------

### Mat Kríudeildara á skólaári 2022-2023

Við skipulag deildarinnar á haustönn var áætlað að 16 börn yrðu á deildinni og þar af leiðandi var hópnum skipt í tvennt, 8 börn í hvorum hóp. Á haustmánuðum bættust svo við börn tímabundið sem ekki hafði verið búist við, vorum með 19 börn á deildinni þegar mest var. Við það þyngdist starfið töluvert enda stækkuðu hóparnir. Þannig tók það dálítin tíma fyrir starfsfólkið á deildinni að ná utan um starfið og útfærslu þess. En þegar starfið komst á skrið fór allt að ganga betur og starfið varð markvissara. Til að ná betra flæði í starfinu þarf að styðja nemendurna enn frekar til að nýta opin efnivið og leggja meiri áherslu á styðjandi umhverfi. Frágangur nemenda sem vinna í flæði þarf að vera skýrari en þannig gætu nemendur haft meira frumkvæði og stjórn á sinni vinnu. SOL starfið gekk betur þegar við færðum tímann yfir á fimmtudaga en fyrst var hver hópur einn dag í viku en með því að setja tímann á fimmtudaga eftir hádegi þá náðist að láta alla hópa fara í SOL ásamt því að ákveðin verkefni voru á borðum. Þannig skapaðist ákveðin hringekja af verkefnavinnu sem samanstóð af SOL, fínhreyfingarþjálfun og félagsfærniþjálfun.

### Markmið sérkennslu 2023-2024

Í Bjarkatúni er einn sérkennslustjóri. Sá aðili hefur yfirumsjón með námi barna með sérþarfir, gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd þeirra. Hann heldur utan um samstarf við foreldra og utanaðkomandi sérfræðing, sér um skipulagningu samráðs og reglulegra teymisfunda og situr deildarfundum eftir þörfum.

Meginþættir sérkennslunnar í Bjarkatúni er að sinna snemmtækri íhlutun vegna barna með seinkaðan málþroska ásamt markvissri skipulagðri þjálfun barna með önnur þroska frávík varðandi mál- og hreyfi þroska, hegðun og aðrar skilgreindar sérþarfir. Öll fjöltyngd börn í Bjarkatúni koma einnig í einstaklingsþjálfun til sérkennslustjóra.

Til að finna þau börn sem þurfa þarfnast sérstakrar athygli og stuðning er notast við hinar ýmsu skimannir. Sjaldnast koma niðurstöður skimana á óvart þar sem náíð er fylgst með börnunum á leikskólanum og kennararnir vita yfirleitt hver staða hvers og eins barns er. Skimunarpróf eru lögð fyrir með samþykki foreldra. Þeir eiga líka rétt á að þeim séu kynntar niðurstöður og að leitað sé eftir samvinnu við þá um frekari úrræði ef þörf er á. Athygli skal vakin á því að niðurstöður skimana eru aðeins vísbendingar um hugsanlegan vanda barns en um leið tækifæri til að taka á vandanum og vinna áfram út frá þeim.

Skimunarpróf eru þó góð til að finna veikleika og styrkleika hjá einstaka barni og niðurstöðurnar hjálpa til við að skipuleggja áframhaldandi vinnu með barnið í samvinnu við foreldra og Farsældarþjónustu Múlaþings.

Markmið sérkennslunnar fyrir skólaárið 2023-2024 er áframhaldandi innleiðing farsældalaganna <https://www.bvs.is/farsaeld/leidbeiningar-um-innleidingu-til-sveitarfelaga/>. Sérkennslustjóri Bjarkatúns mun fara í diplómanám um farsæld barna frá Háskóla Íslands hasuti 2023. Það nám er sett á stofn til að styðja við innleiðingu nýrrar löggjafar um samþætta þjónustu við börn. Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þarfir fólks, sem veitir börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu, fyrir sérhæfða þekkingu á málefnum barna, þjónustu við þau með áherslu á börn sem þátttakendur, þverfaglegt samstarf, teymisvinnu og málástjórn.

## Ytra mat

Skólaárið 2014-2015 gekk Leikskólinn Bjarkatún til samstarfs við Skólapúlsinn. Skólapúlsinn útvegar skólanum spurningalista sem lagðir eru fyrir starfsfólk og foreldra. Í vetur verður lagður spurningarlisti fyrir foreldra.

Skólapúlsinn sendir niðurstöður til skólans um það vil þremur vikum eftir fyrirlögn. Niðurstöður eru teknar saman í sjálfsmatsskýrslu sem gefin er út annað hvert ár og kynnt fyrir fjölskylduráði, auk þess sem hún er birt á heimasíðum leikskólans.

## Mannauður

Í vetur verða 10,5 stöðugildi í húsinu. Matráður er 1 stöðugildi, þrif er í 0,5 stöðugildi, starfsmenn Krummadeildar eru 3 stöðugildi, starfsmenn Kríudeildar eru 2 stöðugildi, stuðningur á Kríudeild er með 1 stöðugildi, sérkennsla er 1 stöðugildi, afleysing er 1 stöðugildi og leikskólastjóri er 1 stöðugildi.

Í leikskólanum Bjarkatúni eru þrír kennarar sem hafa leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari. Leikstjórastjórinn hefur lokið bakkalárprófi í leikskólakennarafræði og er með leyfisbréf kennara. Sérkennslustjórinn hefur lokið bakkalárprófi í leikskólakennarafræði, meistaraþráðu í leikskólakennarafræði með áherslu á mál og læsi ásamt diplómu í sérkennslufræðum. Vorið 2024 mun hún ljúka M.Ed. gráðu í menntun allra og stoðþjónusta og viðbótardiplómu í Farsæld barna frá Háskóla Íslands. Deildarstjóri Kríudeildar hefur lokið bakkalárprófi í leikskólakennarafræði og er með leyfisbréf kennara og meistaraþráðu í kennslufræði með áherslu á mál og læsi á grunnskólastigi. Deildastóri Krummadeildar hefur lokið bakkalárprófi í leikskólakennarafræði og er núna í meistaranámi kennslufræða með áherslu á upplýsingatækni við Háskólann á Akureyri. Er í leyfi fram að áramótum en útskrifast með leyfisbréf kennara í febrúar. Þá verða fjórir kennarar í Bjarkatúni með leyfisbréf kennara starfandi við skólann.

6 leiðbeinendur eru í leikskólanum þar af einn sem er búin að vinna yfir 20 ár og einn sem er búinn að vinna í yfir 10 ár.

## Fundir

Starfsmannafundir verða haldnir tíu sinnum yfir árið, einu sinni í mánuði, fyrsta mánudag. Misjafnt verður hvort hann er frá kl.8:00-10:00 eða kl.14:00-16:00. Búið er að skipuleggja skólaárið 2023-2024 varðandi starfsmannafundi. Sjá Skóladagatal. Skráðar eru fundargerðir á starfsmannafundum.

Starfsmannasamtöl fara fram ár hvert á tímabilinu mars til apríl. Þar er farið yfir væntingar starfsfólks fyrir næsta vetur, hvernig síðasti vetur gekk, hvaða óskir um símenntun starfsmaðurinn hefur og líðan starfsmannsins.

Deildarstjórafundir verða haldnir einu sinni í viku á fimmtudögum milli kl. 12:00 og 13:00. Á þeim er farið yfir þau málefni sem þarf fyrir skólann og deildina. Skráðar eru fundargerðir á deildarstjórafundum og settar inn á teams svæði starfsmanna..

Deildarfundir eru haldnir tvisvar í mánuði hálf tíma í senn auk klukkutíma á starfsmannafundi einu sinni í mánuði. Krummadeild er á miðvikudögum frá kl.9:00-9:30 og Kríudeild á föstudögum frá klukkan 13:00 til 13:30. Deildarstjórar skipuleggja þessa fundi og stjórna þeim. Skólastjóri situr að jafnaði ekki þessa fundi. Skráðar eru fundargerðir á deildarfundum og settar inn á teams svæði deildanna.

## Starfs- og námskeiðsdagar

Starfs- og námskeiðsdagar eru sex á ári og er leikskólinn lokaður þá daga. Á þessum dögum er undirbúningur fyrir foreldrafundi, skyndihjálp, námskeið og fleira.

## Endurmenntun/símenntun

Í handbók starfsmanna í Múlanum eru reglur Múlaþings um starfsþróun og símenntun.

Ef starfsmaður er í kennaranámi getur hann skuldbindið sig til að vinna hjá Múlaþingi í núverandi starfi, eða sambærilegu, í jafn marga mánuði að námi loknu og þá haldið launum í námslotum.

## Hagnýtar upplýsingar

Í vetur verða 11 börn á Krummadeild, 8 fædd 2021 og 3 fædd 2022.

Á Krúdeild eru 13 börn, 7 fædd 2019 og 6 fædd 2020.

## Öryggismál

Öll börn í Leikskólanum Bjarkatúni eru slysatryggð hjá Vís. Tryggingin gildir í tengslum við alla viðveru í skólanum, á skólatíma og í ferðum á vegum skólans. Minnt er á að nemendur eiga ekki að koma með verðmæti að heiman eða peninga því skólinn ber ekki ábyrgð á slíkum eignum ef þær skemmast eða tapast.

## Atvik

Öll slys á börnum eru skráð í Atvik sem er slysa- og forvarnarskrá starfsmanna. Í Atvik er hægt að skrá eftirfarandi: Ábending, næstum slys, minniháttar slys, fjarveruslys, ógn og slys á barni. Allir starfsmenn hafa geta skráð í Atvik í gegn um Múlann.

## Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið

Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið eru eftirlitsaðilar sem heimsækja skólana reglulega. Unnið er eftir þeim úrbótatillögum sem settar eru fram. Öryggistrúnaðarmaður hætti í vor og munum við kjósa nýjan öryggisfulltrúa á starfsmannafundi 4. september sem mun fara á námskeið á vegum vinnuálastofnunar.

## Foreldrasamstarf

Deildarstjórar senda föstudagspóst til foreldra um vikuna sem er að líða og það sem fram undan er. Leikskólastjóri heldur foreldrafund 7. september kl.17:00 þar sem kynnt verður vetrarstarfið og fleira. Deildarstjórar Krumma- og Kríudeildar halda foreldrafundi 9. janúar kl.17 .00. Þar sem farið verður yfir deildirnar og foreldrum gefst kostur á að spyrja spurninga.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári einu sinni að hausti og einu sinni að vori. Deildarstjórar eru með foreldrafundi fyrir öll börn um miðjan október þar sem farið er yfir hvað verður gert um veturinn og hvernig staða barnsins er og áherslur fyrir veturinn. Í mars eru foreldrafundir fyrir öll börn í leikskólanum þar sem farið er yfir hvernig veturinn gekk.

Fyrir börn í sérkennslu mættir sérkennslustjóri í foreldraviðtölin og leggur línur fyrir veturinn. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali þegar þeir vilja.

Gagnkvæmur trúnaður milli foreldra og starfsfólks er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í skólanum eru nauðsynlegar. Mikilvægt er að foreldrar láti vita þegar um breytingar er að ræða á högum barns.

## Foreldrafélag / Foreldraráð

Gott foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í starfsemi hvers skóla. Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna í leikskólanum og efla samskipti foreldra innbyrðis og við leikskólann.

Við hvern leikskóla á að starfar foreldraráð, þar sem leikskólinn Bjarkatún er það fámennur höfum við verið á undanþágu um að hafa sömu aðila í foreldraráði og foreldrafélagi. Því er ætlað að gefa umsagnir til leikskólans og fjölskylduráðs um áætlanir og um starfsemi leikskólans. Foreldraráðið fylgjast jafnframt með framkvæmd þeirra og kynningu.

Í stjórn foreldraráðs veturinn 2023-2024 er formaður en kosið verður til gjaldkera og ritara á foreldrafundinum 7. september.

Foreldrafélagið stendur meðal annars fyrir eftirfarandi viðburðum: jólaföndur í leikskólanum, jólagjöf fyrir leikskólabörn, sumargjöf fyrir leikskólabörn, sameiginleg sveitaferð hjá leik- og grunnskóla og sumargleði leikskólans

Auk þess eru ýmsar fjáraflanir, eftir þörfum hverju sinni.

## Samstarf

### Fjölskyldusvið – Skólaþjónusta

Skólaþjónusta Múlaþings hefur farsæld barna og fjölskyldna að leiðarljósi í starfi sínu, starfar af fagmennsku í sérhverju verkefni og vinnur að forvörnum sem tryggja farsæld og velferð til framtíðar. Einkunnarorð Skólaþjónustunnar eru Farsæld - Fagmennska – Forvarnir.

Starfsemi skólaþjónustunnar er bundin í reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019. Reglugerðin á stoð í 21. og 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum. Skólaþjónusta Múlaþings sinnir sérfræðilegum stuðningi við grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu skv. reglugerð um hlutverk og markmið skólaþjónustu 2. gr. Jafnframt byggir Skólaþjónusta Múlaþings starfsemi sína á lögum samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

- Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.
- Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.
- Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

### Farsældarþjónusta Múlaþings

Skólaþjónusta Múlaþings er hluti af starfsemi á Fjölskyldusviði og er skipulag og framkvæmd þjónustunnar í nánum tengslum við og oft mjög samþætt starfsemi Austurlandslíkansins. Skólaþjónustan og Austurlandslíkanið starfa þétt saman í því skyni að leysa farsællega úr málefnum barna og fjölskyldna þeirra og mynda farsældarþjónustu Múlaþings. Farsældarþjónustuteymi Múlaþings fer yfir allar tilvísanir sem berast til skólaþjónustu og hittist teymið að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði.

Verkferlar í leik- og grunnskólum Múlaþings leitast við að afgreiða mál barna í vanda á sem skilvirkastan hátt. Mikilvægt er að nýta þau úrræði og aðferðir sem skólinn býr yfir og þá þekkingu og reynslu sem býr í mannauð skólans til að vinna með barnið um leið og grunur um vanda vaknar.



## Samstarf við Djúpavogsskóla

Verkefnið “brúum bilið” er samstarf leikskólans og Djúpavogsskóla vegna elstu nemenda sem eru að ljúka sinni skólagöngu í leikskólanum og byrja í grunnskóla. Nemendur skiptast á heimsóknum þar sem nemendur úr fyrsta bekk koma í heimsókn á haustönn í leikskólann og á vorönn fara nemendur úr leikskólanum í heimsókn í grunnskólann þar sem þau kynnast skólahúsnæðinu, starfsfólki skólans og hitta nemendur fyrsta bekkjar. Í vetur er ekkert barn á sínu síðasta ári í leikskólanum og því verða heimsóknir eingöngu að hausti þegar fyrsti bekkur kemur í heimsókn í leikskólann.

Samstarf er einnig milli leikskólans og annarra bekkjardeilda Djúpavogsskóla. Nemendur úr 8.-10. bekkjar koma í starfskynningu á Kríudeild. Leikskólinn býður nemendum í 4. bekk á vetrarfögnuð sem haldinn er daginn fyrir fyrsta vetrardag. Nemendum í 7. bekk býðst til að koma og lesa upphátt fyrir börnin á Kríudeild þegar þau eru að æfa sig í aðdraganda upplestrarkeppni grunnskólans.

## Skil milli skóla

Deildarstjóri Kríudeildar og sérkennslustjóri skila börnum upp í grunnskóla Djúpavogs. Leikskólastjóri skilar börnum sem eru að fara í aðra skóla. Gögn sem fara á milli skóla eru EFI-2, TRAS, MIO, Hljóm 2 og Íslenski máhljóðamælirinn. Foreldrar geta óskað eftir því að aðrar skýrslur fylgi barninu.

## Tryggvabúð

Leikskólinn Bjarkatún og Tryggvabúð, félag eldri borgara, eru í samstarfi á aðventunni en þá fara börnin ásamt kennurum í litlum hópum í vöflukaffi á miðvikudögum í Tryggvabúð. Stefnt verður að því að efla það samstarf á komandi skólaári.

## Brunavarnir Austurlands

Leikskólinn er í samstarfi við Brunavarnir Austurlands þar sem elsti árgangurinn tekur þátt í verkefninu Logi og Glóð. Enginn nemandi er í elsta árgangi á þessu skólaári. Slökkviliðsstjóri kemur einu sinni á ári og tekur leikskólann í úttekt vegna brunavarna.

## Lokaorð

Skólastarf í skólum landsins tekur sífelldum breytingum. Áætlun sem þessi er mikilvægt skjal til að halda utan um allt það góða og mikilvæga starf sem fram fer í leikskólanum Bjarkatún. Allar ábendingar um það sem betur má fara eru vel þegnar. Gott er að enda á einkunnarorðum leikskólans *Samvinna, traust og virðing* og ef við förum eftir þeim fylgir gleði og vellíðan því að vera í leikskólanum.

## Fylgiskjöl

Áætlanir og skýrslur leikskólans Bjarkatúns <https://www.bjarkatun.is/skolastarfid/aaetlanir-og-skyrslur/>

Skóladagatalið fyrir veturinn 2023-2024 <https://www.bjarkatun.is/skolastarfid/skoladagatal/>